



Alþingi
Erindi nr. P 139/1298
komudagur 14.2.2011

7. febrúar 2010
SI-70220

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti, 177. mál á 139. löggjafarþingi.

Með tölvupósti dags. 1. febrúar, óskaði Allsherjarnefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að lagt sé til að gerð verði rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti, og þá sérstaklega horft til samskipta, ákvarðana og atburða sem tengjast falli bankanna; vegna umfjöllunar um ráðuneytin þrjú í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.


Ljóst er að rannsókn sem þessi, ef tillagan næði fram að ganga, myndi að talsverðu leyti beinast að öllum þeim sömu atriðum sem rannsóknarnefnd Alþingis fjallaði um í skýrslu sinni. Færa má rök fyrir því að þannig væri verið að endurtaka alla þá viðamiklu rannsókn, með tilheyrandi skýrslugjöf og gagnaafhendingum.

Seðlabanki Íslands leggur áherslu á að athugun rannsóknarnefndar Alþingis hafi verið gagnleg. Í skýrslu nefndarinnar komu fram ýmsar ábendingar sem Seðlabankinn og aðrar stofnanir hafa tekið til athugunar.

Seðlabankinn telur hins vegar ekki nauðsynlegt að ráðast í aðra slíka rannsókn, sem höggvi í sama knérunn og sú fyrri. Verður enda ekki séð af greinargerð með tillögunni að um mörg atriði sé að ræða, sem ekki hafi fengið nægjanlega umfjöllun nú þegar, og sem þurfi frekari rannsóknar við.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Jón Þ. Sigurgeirsson
framkvæmdastjóri